

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. 2003

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. haldinn í Þórsveri á Þórshöfn 6. júní kl. 13:00. Formaður félagsins, Björn Ingimarsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Fyrir fundinum lá tillaga um fundarstjóra, Jóhannes Sigfússon og fundarritara, Gunnar Jóhannesson. Aðrar tillögur komu ekki fram og voru þeir því sjálfkjörnir til þeirra starfa.

Var síðan gengið til dagskrár skv. 14. gr. samþykka félagsins.

1. **Skýrsla stjórnar.** Formaður, Björn Ingimarsson, flutti skýrsluna, sem lögð var fram ásamt reikningum. Í máli Björns kom m.a. fram að stjórnin hélt 9 formlega fundi frá síðasta aðalfundi. Björn gerði grein fyrir starfsemi félagsins, en nokkur rekstraróvissa ríkti framan af starfsárinu þar sem ekki var í gildi reglubundinn samstarfssamningur við Byggðastofnun. Nýir samningar við Byggðastofnun annars vegar og sveitarfélögin hinsvegar, voru undirritaðir í febrúar. Farið var yfir helstu verkefni félagsins á starfsárinu, og fjallað m.a. um hlutverk og markmið. Í lokaorðum formanns kom m.a. fram að “AP er þannig ætlað að hjálpa þeim sem hjálpa sér sjálfir, enda hefur reynslan sýnt að það er vænleg leið til árangurs!”
2. **Reikningar félagsins fyrir árið 2002.** Framkvæmdastjóri, Tryggvi Finnsson fór yfir reikninga félagsins sem áritaðir hafa verið athugasemdalaust af löggiltum endurskoðanda félagsins, Birni St. Haraldssyni, og skoðunarmanni, Þorgrími Sigurðssyni. Helstu niðurstöður reikninganna eru:

Rekstrartekjur.....	12.791.996
Rekstrargjöld	(12.784.756)
Fjármagnsliðir	(638.273)
Tap ársins	(631.033)

Fastafjármunir	450.482
Veltufjármunir.....	459.100

Eigið fé.....	(250.429)
Skuldir.....	1.160.011

Niðurstaða efnahagsreiknings	909.582
------------------------------------	---------

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga fóru fram samhliða. Til máls tóku Reinhard Reynisson, Halldóra Jónsdóttir og Tryggvi Finnsson. Reikningarnir síðan samþykktir samhljóða.

- a. **Ráðstöfun hagnaðar/taps.** Vísað er til afgreiðslu ársreiknings þar sem tapi ársins er ráðstafað til lækkunar á eigin fé félagsins.

3. **Kosning stjórnar.** Fundarstjóri kynnti fyrirleggjandi tillögu.

Aðalstjórn:

Aðalsteinn Baldursson
Björn Ingimarsson
Guðmundur Guðmundsson
Helgi Kristjánsson
Pétur Snæbjörnsson

Varastjórn:

Haraldur Bóasson
Elvar Árni Lund

Fleiri tillögur bárust ekki og eru ofanritaðir því sjálfkjörnir í stjórn og varastjórn.

4. **Kosning endurskoðanda.** Fyrir fundinum lá tillaga um að löggiltur endurskoðandi félagsins verði kjörinn PriceWaterhouseCoopers hf – Björn St. Haraldsson, löggiltur endurskoðandi, og að félagskjörinn skoðunarmaður verði Þorgrímur Sigurðsson. Fleiri tillögur komu ekki fram og þessir aðilar því sjálfkjörnir.

5. **Þóknun stjórnar.** Fyrir fundinum lá tillaga um óbreytt stjórnarlaun fyrir næsta starfsár. Samþykkt samhljóða.

6. **Önnur mál.**

- a. Yngvi Ragnar Kristjánsson, fjallaði um mikilvægi ferðaþjónustunnar, og kallaði eftir enn meiri aðstoð AÞ við að markaðssetja ferðaþjónustuna innan stjórnkerfisins.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum og sleit fundi.

Að loknum aðalfundi hófst **málþing** undir yfirskriftinni “Byggðaðróun á jaðarsvæðum – ímynd landsbyggðar”. Í upphafi þess voru Fjallalambi hf. afhent “Hvatningarverðlaun AÞ 2003”. Frummælendur á málþinginu voru Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar, Gunnar Jóhannesson, starfsmaður AÞ og Steingrímur J. Sigfússon, alþingismaður.